


Bekkjarstærð og agamál.


Líklega geta flestir kennarar tekið undir það að meira álag felist í því að vera með fjölmenna bekki en fámenna. Í útgáfu árlegs rits OECD [Education at a Glance](#) frá 2015 er að finna samanburð milli 19 landa á meðalfjölda nemenda í námshópum í efri bekkjum grunnskóla og hlutfalli þess tíma sem fer að meðaltali annars vegar í nám og kennslu og hins vegar í það að halda uppi aga í kennslustundum.

Mynd 1 sýnir meðalfjölda nemenda í bekk í löndunum 19. Fámennustu bekkirnir eru í Lettlandi, 14,4 nemendur í bekk að meðaltali, en fjölmennustu bekkirnir eru í S-Kóreu, 32,8 nemendur að meðaltali í bekk. Ísland er með meðaltalið 19,8 nemendur sem er nokkuð undir meðaltali landanna 19 sem er 23,6 nemendur. Þau lönd sem standa næst Íslandi hvað varðar fjölda nemenda í bekk eru annars vegar Finnland og Slóvakía með heldur fámennari bekki og hins vegar Tékkland og Ítalía með heldur fjölmennari bekki.




Mynd 1

Á mynd 2 má sjá hlutfall þess tíma af kennslustundum sem fer í nám og kennslu. Hlutfall Íslands er 75,5% sem er undir meðaltalinu 78,4%. Hlutfallslega af löndunum 19 fer mestur tími í nám og kennslu í Rússlandi, 86%, en minnstur í Brasilíu, 66,7%. Hvað þetta hlutfall varðar stendur Ísland nálægt Frakklandi, Portúgal og Mexíkó.




Mynd 2

Mynd 3 sýnir svo hlutfall þess tíma af kennslustundum sem fer í að halda uppi aga í skólastofunni. Hlutfall Íslands er 15,7% sem er yfir meðaltalinu 12,9%. Hlutfallslega af löndunum 19 fer mestur tími í agastjórnun í Brasilíu, tæp 20%, en minnstur í Rússlandi, rúm 6%. Hvað þetta hlutfall varðar stendur Ísland nálægt Frakklandi, Portúgal og Síle.




Mynd 3

Myndir 4 og 5 hér að neðan sýna að almennt er töluverð fylgni í löndunum 19 milli meðalfjölda nemenda í bekk og hlutfalls tímans sem fer að meðaltali annars vegar í nám og kennslu og hins vegar í það að halda uppi aga í kennslustundum. Ísland fellur reyndar ekki vel að þeirri leitni en mestu útlagarnir hvað þetta varðar eru þó Rússland annars vegar og Brasilía hins vegar.



Mynd 4



Mynd 5